



LANDLÆKNISEMBÆTTID

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

4. árg. 2. tölublað. Febrúar 2008.

## EFNI:

Bólusetning gegn leghálskrabbameini **bls. 1**

HIV-smit og lifrabólga B á Íslandi 2007 **bls. 2**

### Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórolfur Guðnason

### Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

## LANDLÆKNISEMBÆTTID

### SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is)  
Veffang: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

## BÓLUSETNING GEGN LEGHÁLSKRABBAMEINI

Vörtuveirur (*Human Papilloma Virus, HPV*) geta valdið leghálskrabbameini og eru vissar gerðir þeirra taldar frumorsök slíks krabbameins.

Um þessar mundir eru á markaði tvö bóluefni gegn þeim stofnum HPV (16/18) sem oftast valda krabbameini. Veirurnar geta einnig valdið sjaldgæfari krabbameinum og sumir stofnar þeirra (6/11) kynfæravörtum. Þessi bóluefni eru Gardasil® frá Merck and Co., Inc. og Cervarix® frá GlaxoSmith-Kline. Gardasil® inniheldur mótefnavaka gegn HPV 6/11/16 og 18 og Cervarix® mótefnavaka gegn HPV 16/18. Bæði bóluefnin eru ónæmisvekjandi og örugg og hafa góða virkni til að koma í veg fyrir forstigsbreytingar leghálskrabbameins af völdum HPV 16/18, en þær valda þessum sjúkdómi í a.m.k. 60% tilvika.

Á Íslandi greinast um 17 konur árlega með leghálskrabbamein. Meðalaldur þeirra er 45 ár og á fimm árum eftir greiningu deyja um 20% þeirra. Það er til mikils að vinna ef hægt er að bægja þessum sjúkdómi frá og því er nauðsynlegt að meta hvort fýsilegt sé að hefja almenna bólusetningu gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini hér á landi.

Nýlega var gefin út skýrsla á vegum sóttvarnalæknis um kostnaðarhagkvæmni þess að hefja almenna bólusetningu hér á landi gegn HPV með það að leiðarljósi að fækka leghálskrabbameini ([Kostnaðargreining á Íslandi. Skýrsla vinnuhóps](#)). Niðurstaða

skýrslunnar er sú að með almennri bólusetningu eins árgangs 12 ára gamalla stúlkna megi árlega koma í veg fyrir leghálskrabbamein hjá a.m.k. nýu konum, tæplega tvö dauðsföll og vinna um 17 lífsgæðavegin lífár (QALY).




Miðað við ákveðnar forsendur mun árlegur nettókostnaður bólusetningarinnar vera um 1,8 milljónir króna á hvert lífsgæðavegið lífár. Samkvæmt erlendum stöðlum virðist bólusetningin hér á landi vera kostnaðarhagkvæm.

Miðað við ákveðnar forsendur mun árlegur nettókostnaður bólusetningarinnar vera um 1,8 milljónir króna á hvert lífsgæðavegið lífár. Samkvæmt erlendum stöðlum virðist bólusetningin hér á landi vera kostnaðarhagkvæm.

Sóttvarnaráð hefur fjallað um fýsileika þess að hefja bólusetningu gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini. Mælir ráðið með því að almenn bólusetning verði hafin meðal 12 ára stúlkna hér á landi.

Áréttað er að bólusetningin kemur ekki í stað krabbameinsleitar og mikilvægt er að krabbameinsleitin, sem skilað hefur góðum árangri hér á landi, haldi áfram með óbreyttu sniði um ókomin ár. Þá ber að leggja ríka áherslu á að bólusetning gegn leghálskrabbameini sé skráð eins og aðrar bólusetningar.



Mynd af yfirborði HPV, tekin með rafeindasmásjár- og röntgentækni. Af vef Harrison Laboratory, Maryland, USA.

*Niðurstöður benda til að ekki hafi verið um eiginlega hópsýkingu að ræða meðal fíkniefnaneytenda á árinu 2007.*

*Á Íslandi greinast um 17 konur árlega með leghálskrabbamein. Meðalaldur þeirra er 45 ár og á 5 árum eftir greiningu deyja um 20% þeirra.*

## HIV-SMIT OG LIFRARBÓLGA B Á ÍSLANDI 2007

Á árinu 2007 greindust 13 einstaklingar með HIV-smit hér á landi. Líklegt var talið að smit tengdist fíkniefnaneytenda í sex tilfellum. Í fjórum tilfellum var smit talið tengjast kynmökum gagnkynhneigðra og í þremur tilvikum kynmökum samkynhneigðra. Af þeim sem greindust á árinu voru sjö konur en þetta er í fyrsta sinn sem fleiri konur greinast með HIV-smit en karlar á Íslandi.

Vakin var athygli á því í Farsóttafréttum í nóvember 2007 að óvenju mörg HIV-tilfelli tengdust fíkniefnaneytenda og líkur leiddar að því að um hópsýkingu gæti verið að ræða. Veirufræðideild Landspítalans hefur unnið að samanburði HIV-stofna sem greindust á árinu 2007. Niðurstöður þessara rannsókna sýna að einungis tveir einstaklingar sem sprautuð sig reyndust vera með sama veirustofni. Þessar niðurstöður benda því til að ekki hafi verið um eiginlega



hópsýkingu að ræða meðal fíkniefnaneytenda á árinu 2007.

Áfram verður fylgst náið með útbreiðslu HIV-smits meðal fíkniefnaneytenda því að nái HIV-smit fótfestu í þessum áhættuhópi má búast við stórukinni útbreiðslu sjúkdómsins hér á landi.

### Lifrabólga B

Óvenju margir greindust með lifrabólgu B á árinu 2007, eða 45 manns. Um helmingur þeirra voru innflytjendur og vitað var um átta sem höfðu sprautað sig með fíkniefnum. Síðast gekk yfir faraldur meðal fíkniefnaneytenda á árunum 1989–1991. Mikilvægt er að bjóða fíkniefnaneytendum, sem ekki hafa smitast af lifrabólgu B, bólusetningu gegn sjúkdómnum til að koma í veg fyrir nýjan faraldur í þessum hópi.

Mynd 1



Mynd 2